

Nr. 21-014 S 007 Skinney SF 20**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr. nr. 2732
IMO 9395898
Smíðaður: Taiwan 2009, stál
Útgerð: Skinney Þinganes hf
Stærð: 637 bt.
Mesta lengd: 38,88 m Skráð lengd: 35,47 m
Breidd: 9,19 m Dýpt: 6,8 m
Vél: Mitsubishi 523 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 12



Skinney©Gunnar Óli Sölvason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. febrúar 2021 var Skinney SF 20 á siglingu frá Hornafirði á leið til veiða. Veður: A 8-10 m/s.

Skipverjar voru að vinna við trollið á þilfarinu þegar einn þeirra féll aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að hann handleggsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með gilsinn í hendinni og stóð bakborðsmegin upp við rennuskilrúm á þilfarinu og var að fara að setja gilsinn í trollið þegar hann missti jafnvægið, velta kom á skipið og hann féll aftur fyrir sig út úr rennunni;
- að við fallið skall höfuð skipverjans í lestarlúguna og hægri handleggurinn í dekkið. Handleggurinn brotnaði en öryggishjálmur kom í veg fyrir meiðsl á höfði;
- að siglt var með slasað í land.



Slysstaðurinn

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar